

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um verðlaun fyrir björgun manna úr lífsháska.

1873.
15. maí.

Amtmaðurinn, sem þá var yfir vesturumdæminu, hefir sent hingað útskrift af prófi, sem haldið var 8. febrúarm. f. á, við lögreglurètt Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um atvik þau, sem urðu við það, að Magnús bóndi Sigurðsson á Ósi, sem nú er hreppstjóri, og hásetar hans, þeir Stefán Jónsson frá Narfeyri, Ketill Jónsson frá Höfða og Vernharður Björnsson frá Setbergi, björguðu þremur af fimm mönnum, sem hvolfði undir á Álptafirði, og hefir amtmaður stungið uppá, að fyrnefndum mönnum verði veitt hæfleg verðlaun í peningum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það og gjörið ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið samkvæmt því, sem fram er komið, hefir veitt fyrnefndum hreppstjóra til verðlauna 8 rd., og hverjum af hásetunum 4 rd., og mun fê þetta verða galdið úr jarðabókarsjóðnum, þegar annaðhvort þér eða amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæmi Íslands gjörið tilkall til þess, en vèr höfum í dag skrifað landfógeta það, sem með þarf í þessu tilliti.

34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um hlunnindi fyrir sparisjóðinn í Reykjavík.

20. maí.

Með bréfi, dagsettu 13. nóvbrm. f. á., hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þar sem stjórn sparisjóðs nokkurs, sem stofnaður er í Reykjavík, sækir um, að samþykkt tæðs sjóðs verði staðfest af konungi, og að sjóðnum verði veitt ýms önnur hlunnindi, og hafið þér jafnframt farið þess á leit, að konungsstaðfesting þessi verði fengin, og að lagt verði um leið fyrir alþingi frumvarp til tilskipunar, er gefi stjórninni vald til að